

**Leiruvogur - Blikastaðakró**

Stærð: 5,0 km<sup>2</sup>

Sveitarfélag: Mosfellsbær, Reykjavík

Umdæmi: Sýslumaðurinn í Reykjavík

Náttúruminjaskrá: 130, 131

Verndartillaga: Búsvæði

Tillaga: Náttúrufræðistofnun Íslands<sup>1</sup> og Umhverfisstofnun<sup>2</sup>

**Mörk:**

Lína hugsast dregin frá Gunnunesi á Álfnesi um Korpúlfsstaðahólma í Hamar. Vogurinn og fjaran neðan byggðar og Varmárósar.

**Innan svæðisins er eitt friðlýst svæði:** Varmárósar, friðland. Þar vex fitjasef sem er friðuð tegund í bráðri hættu (CR).

Mörk svæða eru sett fram með fyrirvara. Líta ber á þau sem hugmynd að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsinga.



**Svæðislýsing:**

Grunnsævi, fjara, sjávarfitjar, graslendi og líft gróið land við fjöruna. Fjölbreyttar og lífauðugar fjöru, fjölbreytilegur strandgróður og mikið fuglalíf. Skipihóll við ósa Varmár.



Ljósmynd: Margæs. © Jóhann Óli Hilmarsson

**Eignarhald:**

Landsvæði innan þéttbýlis.

**Núverandi landnotkun:**

Útivist, efnistaka.

**Röskun, ógnir, úrbætur:**

Mengun bæði skólp og frá verksmiðjum. Uppfyllingar og smábátahöfn. Aukin þéttbýlismyndun.

**Athugasemdir:**

## Forsendur fyrir verndun, viðföng og viðmið:

Fjölbreytt fuglalíf, viðkomustaður farfugla, leira, sjaldgæfar plöntur.

Fjölbreyttustu sjávarfitjar í nágrenni Reykjavíkur.

Útivistarsvæði með verulegt fræðslugildi.

**Lykiltegundir: Fuglar: Margæs, rauðbrystingur**

**Plöntur: Marhálmur, sandlæðingur og fitjasef**

### Almenn viðmið

Sjaldgæfar tegundir eða tegundir í útrýmingarhættu. Fágætar náttúruminjar

Svæðið viðkvæmt fyrir röskun

Viðhald sterkra stofna eða náttúrulegra þróunarferla. Samfelldar, heildstæðar eða óraskaðar náttúruminjar

Alþjóðlegt náttúruverndargildi. Alþjóðleg ábyrgð

Vísinda-, félags-, efnahags- eða menningarlegt gildi.

Einkennandi fyrir náttúrufar viðkomandi landshluta.

Sjónrænt gildi

### Sérstök ákvæði sbr. 37. og 39. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd

Eldvörp, gervíggar, eldhraun Stöðuvötn og tjarnir,  $\geq 1000 \text{ m}^2$  Náttúrulegir birkiskógar

Fossar Mýrar og flóar,  $\geq 3 \text{ ha}$  Skógar til útivistar

Hverir og heitar uppsprettur, hrúður og hrúðurbreiður Sjávarfitjar og leirur

Fuglar:	Tegund	Fjöldi fugla	% af isl. stofni	% af evr. stofni	Ábyrgðar-tegund	Válisti	SPEC	Bernar-viðauki	Ályktun um búsvæðavernd
	Margæs <sup>3</sup>	allt að 260	1	1	•		3	III	
	Rauðbrystingur <sup>4</sup>	allt að 300	<1	<1	•		3	III	
	Jaðrakan <sup>4</sup>	-	-	-	•		2	II	
	Tjaldur <sup>4</sup>	-	-	-				III	

Plöntur <sup>1</sup> :	Tegund	Tegundarheiti	Flokkur	Algengni	Válisti <sup>5</sup>	Bernar-viðauki	Forsenda verndar	
	Marhálmur	<i>Zostera marina</i>	Háplanta	Takmörkuð útbreiðsla			Takmörkuð útbreiðsla	
	Sandllæðingur	<i>Glaux maritima</i>	Háplanta	Sjaldgæf	VU		Einn af fimm fundarstöðum	
	Fitjasef	<i>Juncus gerardii</i>	Háplanta	Mjög sjaldgæf	CR		Annar af tveimur fundarst	
	Athugasemdir	Fitjasef er friðlýst plöntutegund samkv. auglýsingu nr. 184/1978.						

**Svæðið er á eftirfarandi listum:** Votlendisskrá Landverndar (svæði B-26)<sup>6</sup>; Yfirlit yfir helztu votlendi á Norðurlöndum, svæði (I-36)<sup>7</sup>.

### Heimildir:

<sup>1</sup> Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson. 2002.

<sup>2</sup> Náttúruverndarráð. 1996a.

<sup>3</sup> Guðmundur A. Guðmundsson, munnlegar upplýsingar.

<sup>4</sup> Arnþór Garðarsson. 1998.

<sup>5</sup> Náttúrfræðistofnun Íslands. 1996.

<sup>6</sup> Arnþór Garðarsson. 1975.

<sup>7</sup> Arnþór Garðarsson. 1973.